



Upplýsingar  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**17. júní:**  
**ORÐUVEITING Á BESSASTÖÐUM**  
**OG**  
**MÓTTAKA FYRIR ERLENDA SENDIHERRA**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, miðvikudaginn 17. júní, sæma nokkra Íslendinga hinni íslensku fálkaorðu. Athöfnin hefst kl. 14:30. Fjölmiðlum er heimil myndataka við lok athafnarinnar þegar orðuhafar hafa tekið við orðunni. Áætluð myndataka yrði því um kl. 14:50.

Einnig munu forsetahjónin taka á móti erlendum sendiherrum sem staddir eru hér á landi í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga. Móttakan hefst kl 16:00. Ljósmyndurum er frjálst að vera við upphaf hennar.

Ljósmyndurum er góðfúslega bent á að um hátíðlegar athafnir er að ræða og taka tillit til þess í klæðaburði.

16. júní 2009.